

Sp. 177. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um að taka upp diplomatískt samband við Þýzka alþýðulýðveldið (Austur-Þýzka-land).

Flm.: Einar Olgeirsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka upp diplomatískt samband við Þýzka alþýðulýðveldið (Austur-Þýzka-land) og skiptast á við það sendiherrum.

Greinargerð.

Ísland hefur hátt á annan áratug haft mikið og gott verzlunarsamband við Þýzka alþýðulýðveldið (Deutsche Demokratische Republik — Austur-Þýzka-land) og einnig í vaxandi mæli ýmiss háttar menningarsamband. Hins vegar hefur það aðallega staðið í vegi fyrir því að taka upp eðlilegt diplomatískt samband við þetta ríki, að vitað hefur verið, að því mundu fylgja slit stjórnsmálasambands við Vestur-Þýzka-land, sökum þess að fram að þessu hafa ríkisstjórnir þess lands fylgt þeirri stefnu, er kölluð hefur verið Hallstein-kenningin, að hafa eigi stjórnsmálasamband við neitt ríki, er hafi stjórnsmálasamband við Austur-Þýzka-land, nema við Sovétríkin.

Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar í Vestur-Þýzka-landi, að horfið hefur verið frá þessari fátánlegu kenningu og Vestur-Þýzka-land ætlar sér að taka upp stjórnsmálasamband við ríki, sem hafa diplomatískt samband við Austur-Þýzka-land. Þær ástæður, sem hingað til hafa raunverulega staðið í vegi fyrir eðlilegu stjórnsmálasambandi við Austur-Þýzka-land, eru því brott fallnar. Væri vel til fallið, að Ísland yrði meðal fyrstu Norðurlanda, er tækju upp eðlilegt diplomatískt samband við Austur-Þýzka-land.